



Ársskýrsla Vestfjarðadeildar 2019 – 2020

Kæru sjúkraliðar.

Það má með sanni segja að síðasta ár hafi verið óvanalegt. Fjöldatakmörkanir vegna Covid-19 komu í veg fyrir að hægt væri að halda aðalfund deildarinnar árið 2020. En fjórða febrúar 2021 var ákveðið að bíða ekki lengur og var haldin aðalfundur þann 16. febrúar í Zoom fjarfundi og fóru fram öll almenn aðalfundarstörf. Ein breyting var gerð á stjórn deildarinnar. Sólveig S. Guðnadóttir kemur í stað Hermanns Jónssonar sem meðstjórnandi. Stjórnin sem nú starfar mun sitja áfram, allavega fram á haust.

Í stjórn deildarinnar sitja nú,

Jóhanna G. Þórðardóttir, formaður
Linda Björk Óskarsdóttir, varaformaður
Helga Rebekka Stígisdóttir, gjaldkeri
Ólafía Sif Magnúsdóttir, ritari

Evrópudag sjúkraliða er þann 26. nóvember, en ekki var sérstaklega haldið upp á daginn þetta árið. Í venjulegur Covid-lausu árferði, höfum við viljað vekja athygli á deginum með því að vera með borð í anddyri sjúkrahússins, þar sem komið hefur verði fyrir allskyns kynningarefni frá félaginu. Vonumst við til að geta haldið upp á daginn með veglegum hætti 2021.

Félagsmenn deildarinnar náðu að fara á eitt námskeið, í september og febrúar, um sálræn áföll.

Í október var kosið í fagrað Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða. Er þetta fyrsta sinn sem rödd sjúkraliða heyrir á þeim vettvangi. Helga Rebekka Stígisdóttir var kosin fulltrúi sjúkraliða í ráðinu og óskum við henni hamingju með það. Fagraðið hefur hafið störf.

Fjórir sjúkraliðar útskrifuðust frá Menntaskólanum á Ísafirði árið 2020, einn á vorönn og þrír á haustönn.

Formaður deildarinnar fór á tvo félagsstjórnarfundum, í október 2019 og í febrúar 2020.

Fulltrúaþingi var frestað fram í september og var það haldið í fjarfundi. Félagsfundir hafa verið þrír, allir í fjarfundi.

Jóhanna Guðrún Þórðardóttir,
formaður Vestfjarðardeildar